

Fundur bekkjarfulltrúa 2019

4. nóvember 2019 kl. 20.00

Á vegum stjórnar foreldrafélags mættu: Heiða Björk, Kamilla Rut, Íris Dögg og Sigríður.

Mál á dagskrá:

1. Formaður stjórnar bauð bekkjarfulltrúum velkomna á fundinn í Sveinatungu á Garðatorgi. Formaður kynnti sig og sagði frá ástæðu fundarins um mikilvægi þess að stjórn foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúar vinni saman í kringum viðburði á skólaárinu þar sem öll vinna verður svo miklu skemmtilegri. Upplýsti fundarmenn um að fundurinn verði ritaður og fundargerð verði sett inn á FB hóp bekkjarfulltrúa skólans. (Sirrý)
2. **Kynning stjórnar (allir)**

Breytingar kynntar á stjórninni, Sigríður (Sirrý) tekur við sem formaður, Kamilla tekur við sem ritari, Íris og Heiða eru áfram meðstjórnendur og Björn gjaldkeri.

Bekkjafulltrúar sem mættu á fundinn af þeim 12 sem melduðu sig:

 - Haraldur Ingi (6.bekkur)
 - Helga Rún (5. Bekkur)
 - Helga Margrét (2.bekkur)
 - Þóra (7. Bekkur)
 - Ása (3. Bekkur)
3. **Viðburðir 2019-2020**
 - **Árbók 7.bekkar (Kamilla og Íris Dögg)**
 - Gunnar ljósmyndar og Pixel sér um að setja saman bókina
 - Ljósmyndari selur beint til foreldra
 - Umsjónarmenn bókarinnar sjá um að auglýsa bókina til foreldra
 - Ræddum um að hafa bekkjarfulltrúa 7.bekkja með í gerð árbókar, (fyrirspurn send til fyrri umsjónarmanna bókar um gerð hennar)
 - Helga Margrét bekkjarfulltrúi sendir foreldrafélaginu punkta frá fyrri umsjónarmönnum.
 - **Jólafondur (Sirrý)**
 - Ræddum um jólafondur sem tók við af laufabrauðsgerð, það virðast flestir vera sammála um að endurtaka föndrið og fá bekkjarfulltrúa til að taka virkan þátt í utanumhaldi og tiltekt. Viðstaddir bekkjarfulltrúar samþykkir því.
 - **Bingó (Sirrý)**
 - Ræddum hugmyndir um hið árlega bingó, diskóball t.d. fyrir eldri börnin sem haldið yrði mögulega seinnipart laugardags. Bingó yngri bekkja 1. – 4. bekk þá haldið fyrri part sama dags.
 - Veltum fyrir okkur hvort halda eigi bingóið um helgi eða á virkum degi. Engu slegið föstu á fundinum.

4. Skólaráð og Grunnstoð (Íris Dögg)

Kynntum hlutverk foreldrafélagsins í þessum ráðum og báðum um að fá ábendingar um vöntun á e-u hjá skólanum sem foreldrafélagið getur gefið.

5. Hugmyndir frá bekkjarfulltrúum (Sirrý)

Bekkarfulltrúar í 5. bekk halda sameiginlegt bekkjarkvöld (2019) sem haldið verður í skólanum en þó eftir skóla, foreldrar koma með á hlaðborð og mæta krakkarnir í búningum. Foreldrar koma með eigið skraut.

Ræddum hvort foreldrar greiði í bekkjarsjóð eða hvort sjóður sé til yfir höfuð. Það virðist vera misjafnt hvort hann er og hversu hár hann er. 2.500 kr virðist vera venjan skv. viðstöddum bekkjarfulltrúum. Fyrir þann pening er eitthvað gert fyrir bekkinn ýmist á skólatíma eða utan. Þá voru eftirfarandi hugmyndir settar á blað:

- Ganga og grill
- Bíó
- Spilavinir (þarf að panta með miklum fyrirvara)
- Félagsvist
- Fara með á Mamma klikk (hugmyndir frá 6. Bekk)
- Bingó (nemendur koma sjálfir með vinninga)
- Ratleikur um skólann
- skautar

6. Spurningar og umræður

Við ræddum aðeins um afmælisveislur barnanna:

1. 3. Bekkur er með þann háttinn að afmæli eru haldin annan hvern mánuð, t.d. fyrir þá sem eiga afmæli á 3ja mánaða tímabili t.d. ágúst, sept, okt.
2. Það er svipað hjá 1. Bekk en þar greiða foreldrar 10.000 kr fyrir skólaárið og sjá foreldrar þeirra sem eiga afmæli þá mánuði um að kaupa t.d. pízzur og gjafir fyrir afmælisbörnin. (Opnir bekkir).

Minnst var einnig á vinahópa en það hefur ekki verið mikil eftirvænting eftir því hjá krökkunum né foreldrum almennt þó alltaf séu einhverjir sem til eru enn í það. Líklega eru vinahópar aðeins hjá 1. bekkjum.

Fundi slitið kl. 20.45

F.h. stjórnar foreldrafélagsins,

Kamilla Rut Sigurðardóttir